

Akureyri 05.10.2023

Atvinnuveganefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Efni: umsögn Dýralæknafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um heildarendurskoðun á þjónustu og vaktakerfi dýralækna, 44. mál

Dýralæknafélag Íslands (DÍ) fagnar tillögunni og tekur undir að það er orðið verulega aðkallandi að **heildarendurskoðun á kerfinu fari fram, það er að segja heildarendurskoðun á lögum um dýralækna og lögum um heilbrigðisþjónustu við dýr nr 66/1998. Þar með talið endurskoðun á bakvaktakerfi dýralækna og stærð vaktsvæða.**

DÍ hefur áður sent inn umsögn um 779. mál um tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána til lánþega í dýralæknanámi, umsögn DÍ varðandi 779. mál er óbreytt.

Ljóst er að það eru fjölmargir þættir sem hafa áhrif þegar kemur að því greina vandann varðandi dýralæknaskort. Þar má meðal annars nefna breytt starfsumhverfi dýralækna, breytt lífsmynstur og álag við vaktavinnu ásamt ýmsum öðrum þáttum. Þróun síðustu ára hefur verið sú að fækka þjónustusamningum á landsbyggðinni með stækkun umdæma og vaktsvæða en þessu fylgir einnig fækkun dýralækna. Þetta gerir það að verkum að starfsumhverfi dýralækna er ekki aðlaðandi.

Það er rétt sem kemur fram í greinargerðinni að sífellt fleiri dýralæknar gefa **ekki kost á sér** á bakvaktir, sem hefur leitt til þess að bakvaktir eru ómannaðar og dýraeigendur ná ekki í dýralækni þegar mest á reynir (með dýr í neyð). Þessi þróun er ekki góð fyrir dýraeigendur og dýralækna **en allra síst fyrir dýrvelferð** og það að dýraeigandi geti ekki tryggt dýri sínu viðunandi þjónustu.

Sem helstu annmarka á núverandi bakvaktafyrirkomulagi má nefna, almenn óánægja dýralækna með greiðslur fyrir vaktina, stór vaktasvæði og á köflum erfið yfirferðar. Ómannúðlegt og úrelt kerfi varðandi mikla vaktaskyldu einstakra dýralækna og þjónustusamninga sem gerir fólki erfitt fyrir að taka hefðbundin frí eins og sumarleyfi og lögboðin frí eins og fæðingarorlof m.m...

Einnig vill DÍ benti á ákvæði í lögum um vaktaskyldu dýralækna, og hvort það myndi yfirleitt halda (lagalega) að setja það í lög að dýralæknum sé skylt að taka þátt í bakvöktum séu þeir á annað borð að stunda dýralæknapraksís?

Í því samhengi er einnig mikilvæg að skilgreina og ákveða hvaða skyldur ríkið beri þegar kemur að þjónustu við veik og slösuð dýr utan dagvinnutíma?

Dýrlæknar gegna lykilhlutverki þegar kemur að vöktun dýrasjúkdóma, þjónustu við veik- og slösuð dýr, dýravelferð, og síðast en ekki síst ábyrgri notkun sýklalyfja.

DÍ bendir einnig á mikilvægi aðkomu dýralækna þegar kemur að samspili heilbrigðis manna og dýra, umhverfi og fæðu undir formerkjum „One health“.



Dýralæknafélag Íslands

DÍ vill því leggja áherslu á að þegar rætt er um framtíðarsýn dýralæknastéttarinnar og dýralæknaskort, sem nú þegar er staðreynd, þá er það grundvallarskilyrði að stjórnvöld fari í heildarendurskoðun á kerfinu, það er að segja heildarendurskoðun á lögum um dýralækna og lögum um heilbrigðisþjónustu við dýr nr 66/1998. Þar með talið endurskoðun á bakvaktakerfi dýralækna og stærð vaktsvæða.

Virðingafyllst fyrir hönd Dýralæknafélags Íslands

Bára Eyfjörð Heimisdóttir, formaður